

## Hverfisráð Vesturbæjar

Ár 2015, fimmtudagurinn 10. september, var haldinn 138. fundur Hverfisráðs Vesturbæjar. Fundurinn var haldinn Vesturgarði og hófst kl. 12.06. Viðstödd voru: Sverrir Bollason, Teitur Atlason, Hulda Gísladóttir, Marta Guðjónsdóttir og Margrét Marteinsdóttir. Reynir Þór Guðmundsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi fyrir Grétu Björgu Egilsdóttur. Einnig sátu fundinn þau Sigbrúður Erla Arnardóttir framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar og Hörður Heiðar Guðbjörnsson, verkefnastjóri í Vesturgarði sem jafnframt ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist

1. Viðbygging við Vesturbæjarskóla (Fulltrúi USK og SFS):  
Auður Stefánsdóttir frá SFS kom og kynnti fyrir fundarmönnum viðbyggingu við Vesturbæjarskóla ásamt Rúnari Gunnarssyni og Kristjóni Jónssyni frá USK.
  - Kl. 12.12 Kjartan Magnússon tekur sæti á fundinum.
  - Kl. 12.40: Auður, Rúnar og Kristjón víkja af fundinum.

#### Bókun Hverfisráðs:

Hverfisráð Vesturbæjar beinir því til umhverfis- og skipulagssviðs að við fyrirhugaðar endurbætur á lóð Vesturbæjarskóla verði að nýju hugað að samráði við foreldra og nemendur skólans vegna hönnunar og hugmyndavinnu. Gert verði ráð fyrir sparkvelli með gervigrasi í suðausturhluta lóðarinnar, í fullri stærð samkvæmt KSÍ-staðli (18x33 metrar), eins og tíðkast hefur við aðra grunnskóla borgarinnar, í stað lítills vallar (13x23 metrar).

2. Deiliskipulag í Örfirisey (Fulltrúi USK): Rætt var um deiliskipulag að Örfirisey, en það komst engin aðili frá USK til að fara yfir skipulagið.

#### Bókun Hverfisráðs:

Viðbrögð Hverfisráðs Vesturbæjar við framlagðri tillögu að deiliskipulagi í Örfirisey. Skipulagið skýrir ýmsa þætti er varða framtíðarþróun svæðisins svo sem skil milli hafnarstarfsemi og annarrar nýrrar starfsemi og er það vel. Gengið er framhjá mörgum tækifærum til að skapa betri framtíðarsýn fyrir svæðið. Aðgengi að svæðinu fyrir gangandi og hjólandi er skelfileg og það er harmað að tækifærið sé ekki nýtt til að bæta úr því. Það er umhugsunarefni hver sé eiginlegur tilgangur þess svæðis sem ætlað er undir skemmur og geymslur norðan til á svæðinu. Ekki verður séð að sú starfsemi sé bundinn höfninni neinum föstum böndum. Þá eru vannýtt tækifæri til að auka gæði útivistarstíga meðfram strandlengjunni.

3. Hlutverk Hverfisráða: Rætt var um hlutverk Hverfisráða en spurningar bárust til ráðsins á dögum. Allir hvattir til þess að hafa skoðanir á því hvernig ráðin koma til með að starfa á komandi árum.

#### Bókun Framsóknar- og flugvallarvina:

Framsókn og flugvallarvinir telja langtímahagsmunum borgarbúa best varið með því að færa ákvarðanatöku- og framkvæmdavald í meira mæli til íbúa borgarinnar. Hægt er að taka undir fækkun hverfisráða í 6 en efling og styrking úthverfanna er mikilvæg fyrir höfuðborg og því ekki loku fyrir það skotið að þeim kunni að fjölga aftur. Ákvarðanir varðandi skipan í hverfisráð þarf sérstakrar umræðu við til að tryggja að lýðræðið og gagnsæi sé virkt. Við veltum því fyrir okkur hvernig eigi að útfæra nánar hlutverk hverfisráða, auka, bæta við eða minnka, a) ráðgefandi hlutverk þeirra, b) frumkvæði, c) verksvið og hvert er vægi þeirra innan stjórnsýslunnar sérstaklega skörun við a) ITR; b) SFS og c) VEL. Verður fjárhagsrammi hverfisráða skilgreindur nánar í tengslum við ofangreint? Í ljósi alls þessa og fleira til, teljum við að á þessum tímamarki getum við ekki tekið nánari afstöðu til þeirra hugmynda sem fram koma í tillögum um breytingar á hverfisráðum borgarinnar. Framsókn og flugvallarvinir lýsa sig reiðubúna til

hugmyndavinnu um framtíðarskipan hverfisráða borgarinnar til hagsbóta fyrir alla borgarbúa.

4. Umsögn Hverfisráðs um þjónustuveitingu Reykjavíkurborgar:

Bókun Hverfisráðs:

Hverfisráð Vesturbæjar lýsir mikilli ánægju með það frumkvæði sem sýnt er með því að fara ítarlega gegnum það hvernig þjónusta borgarinnar er veitt. Slík rýni í bland við reglulegar þjónustukannanir gefur kjörnum fulltrúum góða yfirsýn yfir gæði og framboð þjónustu borgarinnar. Að mati hverfisráðs Vesturbæjar er það besta fyrirkomulagið ef móttaka þjónustubeiðna og upplýsingar um þjónustu fer að mestu leyti gegnum miðlægt símanúmer og rafræna gátt. Hver þjónustumiðstöð hefur sitt lag á að veita þjónustu og mikilvægast er að þar sé ákveðið svigrúm en tryggt að íbúar gangi að sambærilegri þjónustu að gæðum. Það er knýjandi þörf á því að tekið sé meira tillit til umhverfismála þegar þjónusta borgarinnar er veitt. Þjónusta Reykjavíkurborgar á að veita með sjálfbærum hætti og með sem minnstri mengun.

Bókun Framsóknar- og flugvallarvina:

Ljóst er að mikilvægt er fyrir Reykjavíkurborg að forgangsraða fjármunum og verkefnum og að þjónustuveiting borgarinnar verði betur skilgreind og markvissari. Skipulag og þjónusta borgarinnar þarf augljóslega að bæta með þarfir íbúa í huga og auðvelda íbúum aðgang að þjónustu svo sem með aukinni rafrænni þjónustu og miðlun upplýsinga. Það liggur því augljósa á borðinu áskorun fyrir núverandi meirihluta að móta þjónustustefnu borgarinnar til að bregðast við þeim tillögum sem lagðar eru fram í skýrslunni.

5. Nýting frístundastyrks: Rætt var um tölur á nýtingu Frístundakorts en Vesturbærinn kemur almennt vel úr þessari nýtingu líkt og undanfarin ár.

**Fundi slitið kl. 13.35**

Sverrir Bollason (sign)

Teitur Atlason (sign)  
Margrét Marteinsdóttir (sign)

Kjartan Magnússon (sign)  
Marta Guðjónsdóttir (sign)